

# Íbúafundur Flóahreppi

26. mars 2024

[www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is)



# Dagskrá íbúafundar



**Úrgangsmál í landbúnaði**



**Endurskoðun aðalskipulags**



**Uppbygging við Flóaskóla**



**Önnur mál**



# Lög, reglugerðir, samþykktir og gjaldskrá



## **Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003**

Markmið laganna er meðal annars að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis. Undir það fellur t.d. að handhafar úrgangs greiði kostnað við meðhöndlun hans.

## **Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023**

Sett af ráðherra umhverfismála og byggir á lögnum hér að ofan.

## **Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi nr. 1198/2019**

Gildir um meðhöndlun úrgangs og byggir á lögum og reglugerðum um meðhöndlun úrgangs og um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## **Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs í Flóahreppi**

Sett skv. ákvæðum laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og skv.gildandi samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi.



# Úrgangsmál í landbúnaði

## Rekstrarúrgangur

*Skilgreining skv. lögum um meðhöndlun 55/2003*

Úrgangur frá landbúnaði fellur ekki undir skilgreiningu á heimilisúrgangi heldur fellur undir að vera **rekstrarúrgangur**.

*Rekstrarúrgangur er úrgangur frá framleiðslu, þjónustu, verslun og öðrum rekstri - annar en heimilisúrgangur.*

Það sama gildir því um úrgang frá öðrum atvinnurekstri svo sem frá hótélrekstri, verslunarrekstri osfrv.

Sveitarstjórn ákveður fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi **heimilisúrgangs** og skal sjá um að starfræktar séu söfnunar- og móttökustöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu.



# Úrgangsmál í landbúnaði

## Heyrúlluplast

**Úrvinnslugjald** er lagt á hvert kg af plasti sem er notað til þess að pakka utan um heyrúllur.

Notendur (bændur) greiða úrvinnslugjaldið við kaup á rúlluplastinu.

Gjaldinu er ætlað að greiða fyrir meðhöndlun heyrúlluplasts og endurnýtingu eftir að það hefur þjónað upphaflegum tilgangi sínum.

Íslenska gámafélagið er viðurkenndur söfnunaraðili fyrir Úrvinnslusjóð.

Sveitarfélög bera ekki sérstaka ábyrð á söfnun á rúlluplasti heldur er söfnunin og afsetning á ábyrgð Úrvinnslusjóðs. Sveitarfélagið skal þó tryggja að farvegur sé til staðar t.d með aðgengi að gámasvæði, líkt og fyrir annan rekstrarúrgang í sveitarfélaginu.

Í Flóahreppi fer bíll reglulega frá ÍGF og safnar rúlluplasti hjá þeim sem það kjósa.

*Það er val hvers og eins hvort hann notist við söfnun á rúlluplasti á vegum ÍGF eða semji við annan aðila.*

Hægt að fara sjálfur með rúlluplast á söfnunarstöð í Hrísmýri – ekki þarf að nota klippikortið.

Einnig er hægt að fara beint til Pure North í Hveragerði og frá greitt frá þeim fyrir hvert kg.

*Hægt er að notast við reiknivél á heimasíðu þeirra [www.purenorth.is](http://www.purenorth.is) til að sjá hvað greitt er fyrir hvert kg.*





# Heyrúlluplast



## Núverandi staða

- Sveitarfélagið er með ákveðið fyrirkomulag eða farveg fyrir rúlluplast:
  - Söfnunarstöð í Hrísmýri og bíll frá ÍGF.
- Skilgreindir dagar í sorphirðudagatali Flóahrepps.
- Sveitarfélagið ber ekki beinan kostnað af rúlluplasti sem fer í viðurkenndan farveg þ.e til endurnýtingar.
- Notendur (bændur) hafa greitt úrvinnslugjald við kaup á plastinu sem á að standa undir meðhöndlun heyrúlluplasts og endurnýtingu.
- Oft er röskun á söfnun sem veldur vandræðum hjá notendum.
- Frágangur á plasti oft á tíðum ábótavant.

## Hugmyndir að breytingum

- Notendur hafi kost á lokuðum gámum gegn leigu.
  - Sumir hafa farið þá leið að leigja gám eða kaupa.
  - Slík leiga eða kaup fara fram í gegnum ÍGF eða annan aðila sem notendur velja sjálfir.
- Sorphirðudagatal tilgreini vikuna sem sækja á plast en ekki nákvæma dagsetningu.
  - SMS sent út 1-2 dögum áður.
- Nýta SMS lista ef röskun verður á söfnun.
- Aukin tíðni yfir háveturinn og sótt oftast hjá stórnotendum.
- Notendum kynntir þeir farvegir sem til staðar eru fyrir rúlluplast.
- Samskipti fari fram beint við þjónustuaðila sem sinna söfnuninni.





# Úrgangsmál í landbúnaði

## Dýraleifar



*Aukaafurðir úr dýrum: Heil hræ, skrokkar, skrokkhlutar, líffæri eða aðrar afurðir af dýrum sem ekki eru hæfar eða ætlaðar til manneldis, t.d sjálf dauð eða sýkt dýr.*

Samkvæmt minnisblaði lögfræðings hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 2023 ná lög um meðhöndlun úrgangs tæplega yfir dýraleifar (dýrahrae). Skv. minnisblaði Sambandsins má túlka lögina á þann hátt að dýraleifar teljist ekki til úrgangs.

- Skv. minnisblaði Sambandsins bera sveitarfélög ekki ábyrgð á því að dýraleifum sé safnað eða þau flutt til frekari meðhöndlunar eða ráðstöfunar heldur er bent á að sú skylda hvíli á íslenska ríkinu.


Umhverfis- loftslags- og orkumálaráðuneytið fékk minnisblað Sambandsins sent og hafa verið með þessi mál til skoðunar en eru ósammála niðurstöðu minnisblaðs Sambandsins um að ríkið beri ábyrgð dýraleifum.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur fengið bréf frá URN um málið og hafa óskað eftir fundi með ráðuneytinu.

**Hér þarf að skerpa á ábyrgð og hlutverkum ríkis og sveitarfélaga ásamt því að skilgreina á skýran hátt hvort dýraleifar flokkist sem úrgangur eða ekki.**

*Sveitarstjórn hefur ekki tekið ákvöðun um að hætta að sinna söfnun dýraleifa á meðan ekki liggur fyrir niðurstaða í málinu en fyrirhugað er að notendur (búfjáreigendur) greiði gjald á árinu 2024 sem skal standa undir kostnaði vegna reksturs gáma fyrir dýraleifar, sem lendir í dag á sveitarfélaginu.*





# Dýraleifar



## Núverandi staða

- Sveitarfélagið er með gám fyrir dýraleifar.
  - Ekki ætlunin að draga úr þeirri þjónustu á meðan ábyrgð er óskýr.
- Slæm umgengni um gáminn í Flóahreppi.
- Aðilar utan Flóahrepps nýta gáminn á okkar kostnað.
- Sveitarstjórn ákvað við gerð fjárhagsáætlunar að setja gjald á búfjáreigendur vegna reksturs gáms fyrir dýraleifar.
  - Gjaldið verður rukkað að hausti og upphæðir fara eftir umfangi og fjölda búfjár skv. skýrslum frá MAST.
  - *Ekki réttlætanlegt að sveitarfélagið niðurgreiði rekstur gáma fyrir dýraleifar.*

**88 tonn af dýrahraejum voru flutt úr Flóahreppi árið 2023 – kostnaður rúmlega 6 milljónir.**

## Hugmyndir að breytingum

- Virkara eftirlit með gámnum.
- Myndavélakerfi verður sett upp í Heiðargerði í samvinnu við atvinnurekendur þar.
  - Búið að fá ráðleggingar vegna merkinga, persónuverndar ofl.
- ÍGF getur skaffað stærri gám með heilli opnun en nýr gámur er háður því að umgengni verði betri og að virðing sé borin fyrir gámnum sem er eign ÍGF.
- Sveitarstjórn tekur umræðu um möguleika á öðrum gámi til að stytta vegalengdir.
- Búnaðarfélög hvött til að eiga samtál við notendur um frekari umbætur og hvort áhugi sé hjá notendum að sameinast um aðrar leiðir.
- **Kostnaður við rekstur á ekki að lenda á sveitarfélaginu.**





# Umraeður



[www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is)

# Dagskrá



Úrgangsmál í landbúnaði



Endurskoðun aðalskipulags



Uppbygging við Flóaskóla



Önnur mál



# Endurskoðun aðalskipulags



## Tilgangur

Að loknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir taka ákvörðun um hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulag og skal sú ákvörðun liggja fyrir innan tólf mánaða frá kosningum.

Sveitarstjórn Flóahrepps ákvað á fundi í maí 2023 að fara af stað í heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins og var sú ákvöðun tilkynnt til Skipulagsstofnunar í kjölfarið.

Gildandi aðalskipulag tekur til árána 2017–2029.



## Markmið

### Helstu markmið endurskoðunar eru til dæmis:

- Að skýra betur framtíðarsýn og helstu markmið aðalskipulagsins.
- Að bregðast við þróun og þörfum síðustu ára í sveitarfélaginu svo sem íbúa- og atvinnuþróun, uppbyggingu og fleira.
- Að auka áhuga á svæðinu fyrir nýja íbúa og fjölbreyttan atvinnurekstur.
- Að taka á skipulagsmálum á sveitarfélagamörkum í tengslum við nýja brú yfir Ölfusá í samvinnu við Árborg.
- Að endurskoða landnýtingu, flokkun landbúnaðarlands og svæði sem njóta verndar eða sérstakrar athugunar vegna náttúruvár.



# Ferli aðalskipulagsgerðar

Lýsing fyrir verkefnið lögð fyrir í sveitarstjórn

Lýsing á verkefni kynnt opinberlega

Almenningur fær tækifæri til að koma með ábendingar

Leitað eftir umsögnum Skipulagsstofnunar og annarra

Tillaga unnin að aðalskipulagi í samræmi við lýsingu

Tillaga skal unnin í samráði við íbúa og hagsmunaaðila

Endanleg tillaga send til Skipulagsst. til umsagnar

Tillaga auglýst formlega til kynningar og almenningi gefinn kostur á að koma með athugasemdir

Tekin afstaða til athugasemda og umsagna

Endanlegt skipulag samþykkt í sveitarstjórn

Samþykkt skipulag sent til Skipulagsstofnunar

*Endurskoðað aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn og staðfest af Skipulagsstofnun*



# Umræður



[www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is)



# Dagskrá



Úrgangsmál í landbúnaði



Endurskoðun aðalskipulags



Uppbygging við Flóaskóla



Önnur mál



# Uppbygging við Flóaskóla

- Sveitarstjórn ákvað við gerð fjárhagsáætlunar 2024 að gera ráð fyrir fjármagni í breytingar og uppbyggingu í Flóaskóla.
- Vinnuhópur vegna framtíðaruppbyggingar í Flóaskóla og á skólalóð skilaði af sér tillögu í nóvember 2023.
- Sveitarstjórn skipaði í 7 manna framkvæmda- og byggingarnefnd vegna Flóaskóla á fundi sínum þann 9. janúar 2024
- Framkvæmda- og byggingarnefnd tók til starfa 24. janúar 2024 og starfar samkvæmt samþykktu erindisbréfi frá sveitarstjórn.



# Uppbygging við Flóaskóla



## 2024

- Breytingar á núverandi skólahúsnæði til að mæta betur þörfum skólans varðandi verkgreinakennslu.
- Útikennslusvæði fyrir utan heimilisfræði- og smíðastofu.
- Undirbúningur og hönnun viðbyggingar norðan megin við skólann.




## 2025–2026

- Farið af stað í viðbyggingu til að mæta niðurstöðu þarfagreiningar á skólahúsnæðinu.
- Reiknað með lántöku á árinu 2025 til að fjármagna framkvæmdir.
- Ný viðbygging verði tekin í notkun haustið 2026



# Uppbygging við Flóaskóla





# Uppbygging við Flóaskóla





# Umræður



[www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is)

# Dagskrá



Úrgangsmál í landbúnaði



Endurskoðun aðalskipulags



Uppbygging við Flóaskóla



Önnur mál



# Könnun vegna íbúafundar

Íbúum gafst kostur á að senda inn hugmyndir um málefni fyrir íbúafundinn með þátttöku í könnun á heimasíðu sveitarfélagsins

Súluholtsvegurinn

Reiðvegir í skipulagsvinnu

Framtíðarsýn í byggðapróun

Þingborg og Félagslundur

?

?





# ÍBÚAKÖNNUN UM ATVINNUMÁLASTEYFNU

RESIDENCE SURVEY ON EMPLOYMENT POLICY

FLÓAHREPPUR - HVERAGERÐI - ÁRBORG



SMELLIÐ Á QR  
KÓÐANN TIL AÐ  
TAKA ÞÁTT

CLICK ON THE QR  
CODE TO  
PARTICIPATE

**Takk fyrir fundinn**

## 5. gr.

### *Gjald fyrir meðhöndlun á dýrahæum*

Sérstakt gjald vegna dýrahæja er lagt á alla aðila sem eru með skráðan bústofn skv. skýrslum frá Matvælastofnun ár hvert. Gjaldið veitir aðgang að söfnunargámi fyrir dýrahæ sem er staðsettur innan sveitarfélagsins. Gjaldinu er skipt upp í mismunandi gjaldflokka eftir fjölda og tegund bústofns. Nautgripir, kýr og hross falla í umfangsflokk 1 og svin og sauðfé í umfangsflokk 2.

<b>Gjaldflokkur:</b>	<b>Umfang bústofns:</b>	<b>Samtals kostnaður:</b>
Lágmarksgjald		5000 kr.
Gjaldflokkur 1	20-29 stig í umfangi	25.000 kr.
Gjaldflokkur 2	30-99 stig í umfangi	50.000 kr.
Gjaldflokkur 3	100-299 stig í umfangi	75.000 kr.
Gjaldflokkur 4	300-499 stig í umfangi	100.000 kr.
Gjaldflokkur 5	500-999 stig í umfangi	120.000 kr.
Gjaldflokkur 6	999 stig og meira í umfangi	140.000 kr.

Undanþágur og afslættir frá gjaldi vegna dýrahæa:

Eldri borgarar geta sótt um afslátt af gjaldflokkum 1 og 2. Á það einungis við um bú sem rekin eru á kennitölu viðkomandi eldri borgara. Veittur er 40% afsláttur ef umsækjandi uppfyllir skilyrðin. Ef bú getur sýnt fram á að það sjái sjálft um löglega afsetningu sinna hræja er hægt að fá gjaldið fellt niður.

